



Rauði krossinn

**Lög, starfsreglur
og hugsjónir**

2015

Efnisyfirlit

Grundvallarhugsjónir	3
Lög Rauða krossins á Ísland	4
1. kafli Almenn ákvæði	4
2. kafli Aðalfundur, stjórn og landsskrifstofa	7
3. kafli Fjármál	13
4. kafli Deildir og deildaráð	17
5. kafli Ungmennaráð Rauða krossins	22
6. kafli Slit og gildistaka	23
Síðareglur Rauða krossins	24
Barnaverndarreglur Rauða krossins	26
Viðmið fyrir vel starfandi Rauða kross deild	30
Verkefnasjóður Rauða krossins á Íslandi	31
Tekjuskipting	34
Samræmdar reglur um fjáröflun Rauða krossins á Íslandi	35
Reglur um samstarf deilda og deildaráða	37
Merking og notkun fatnaðar	39
Reglur um heiti og merki Rauða krossins	40
Tryggingar sjálfbóðaliða	42

Rauði krossinn á Íslandi starfar í samræmi við sjö grundvallarhugsjónir Rauða krossins um:

Mannúð

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustu- velli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða.

Óhlutdrægni

Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir.

Hlutleysi

Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, gætir hún hlutleysis í ófriði og tekur aldrei þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði.

Sjálfstæði

Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar.

Sjálfboðna þjónusta

Hreyfingin er borin uppi af sjálfboðna hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon.

Einingu

Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það er öllum opið og vinnur mannúðarstarf um landið allt.

Alheimshreyfingu

Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.

1. kafli

Almenn ákvæði

1. gr. Hlutverk Rauða krossins á Íslandi

Félagið heitir Rauði krossinn á Íslandi og er félag sjálfbodaliða sem stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að verkefnum sem snúa að félagslegu öryggi og neyðarvörnum vegna áfalla og hamfara. Til þess að geta sinnt þessu hlutverki þarf Rauði krossinn að vera öflugur og vel starfandi. Fagleg vinnubrögð einkenna allt starf Rauða krossins á Íslandi.

Meginhlutverk Rauða krossins á Íslandi er að bregðast við hvers konar neyð hvort heldur er af náttúru- eða mannavöldum, standa vörð um og aðstoða þá sem verst eru staddir í samfélaginu og veita aðstoð er gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum.

Rauði krossinn á Íslandi vinnur að því að kynna og breiða út þekkingu á og virðingu fyrir Rauða krossinum, mannúðarlögum og þjóðréttarreglum um verndun fórnarlamba í vopnuðum átökum.

Rauði krossinn á Íslandi vinnur með stjórnvöldum að mannúðarmálum og fylgir eftir gagnvart þeim grundvallaratriðum Genfarsamninganna frá 1949 og viðbótarbókana við þá. Í öllum samskiptum sínum við stjórnvöld gætir Rauði krossinn á Íslandi sjálfstæðis síns til þess að félagið geti ævinlega starfað í samræmi við grundvallarhugsjónir Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

2. gr. Stofnun, viðurkenning og alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans

Rauði krossinn á Íslandi, sem stofnaður var 10. desember 1924, er viðurkenndur af Alþjóðaráði Rauða krossins og ríkisstjórn Íslands sem eina Rauða kross félagið er starfa má á Íslandi með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja. Rauði krossinn á Íslandi er aðili að Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans og starfar í samræmi við samþykktir og reglur Rauða

kross hreyfingarinnar. Rauði krossinn á Íslandi skal uppfylla þau skilyrði sem sett eru í 4. gr. laga Rauða kross hreyfingarinnar. Samskipti við aðra aðila innan hreyfingarinnar skulu vera í samræmi við 3. gr. laga hennar. Að auki er Rauði krossinn á Íslandi bundinn af þeim skyldum sem tilgreindar eru í 8. gr. stofnskrár Alþjóðasambandsins. Félagið hefur varnarþing í Reykjavík.

Rauði krossinn notar Rauða kross merkið sem tákn samtakanna í samræmi við Genfarsamningana, viðbótarbókanir við þá frá 1977 sem og reglur frá 1991 um notkun á merkjum Rauða krossins, Rauða hálfmánans eða Rauða kristalsins af hálfu landsfélaga eða í landslögum sem taka til ofangreindra merkja. Rauði krossinn, allir félagar og deildir nota merkin samkvæmt þessu. Stjórn Rauða krossins á Íslandi, hér eftir nefnd stjórn í lögum þessum, setur nánari reglur um notkun merkisins.

3.gr. Verkefni

- Rauði krossinn sinnir neyðaraðstoð jafnt innanlands sem utan og er mikilvægur hlekkur í almannavörnum Íslands.
- Rauði krossinn kannar reglulega hvaða

þjóðfélagshópar eru verst staddir í íslensku samfélagi og hagar starfinu í samræmi við niðurstöðurnar.

- Rauði krossinn starfar á alþjóðavettvangi í samræmi við stefnu alþjóðahreyfingarinnar. Félagið vinnur með samstarfsaðilum á jafnréttisgrunni sem hlutlaus aðili.
- Rauði krossinn sinnir öðrum verkefnum í samræmi við grundvallarhugsjónir Rauða krossins samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar eða stjórnar.
- Félagið metur reglulega árangur af öllu starfi sínu.

4. gr. Skipulag, félagsaðild og sjálfbodid starf

Meginstöðir Rauða krossins á Íslandi eru annars vegar deildirnar og stjórnir þeirra, hér eftir nefndar deildarstjórnir í lögum þessum, og hins vegar aðalfundur félagsins, stjórn og landsskrifstofa.

Sjálfbodaliðar eru meginstyrkur félagsins og því er öflun þeirra, þjálfun og stuðningur við starf þeirra féluginu nauðsyn. Allir sem virða stefnu, tilgang og grundvallarhugsjónir Rauða krossins geta orðid sjálfbodaliðar.

Skyldur sjálfboðaliða koma fram í sjálfboðaliðasamningi sem deildir gera við þá fyrir hönd félagsins, sbr. 24. gr.

Allir geta skráð sig sem félagi í Rauða krossinum án tillits til kynþáttar, kynferðis, tungumáls, þjóðfélagsstöðu, trúar- eða stjórnmálaskoðana eða annars. Félagum ber að fara eftir og halda á lofti grundvallarhugsjónum félagsins, styðja og kynna starf þess, þekkja þessi lög og fylgja þeim, greiða árgjald og taka virkan þátt í starfi Rauða krossins á Íslandi.

Félagar eru skráðir í eina deild Rauða krossins á Íslandi að eigin vali. Það er réttur félaga að taka þátt í og kjósa á fundum sinnar deildar og bjóða sig fram til ábyrgðarstarfa á vegum hennar og eftir atvikum innan félagsins. Félagi getur ennfremur, sé hann valinn fulltrúi deildar sinnar á aðalfundi Rauða krossins, tekið þátt í þeim fundi með málfrelsi, tillögu- og kosningarétti. Félagi getur innan sinnar deildar tekið upp og vakið athygli á tilteknum málum við deildarstjórnir og eftir atvikum við stjórn og nefndir innan Rauða krossins. Félagi getur

sagt sig úr Rauða krossinum skriflega hvenær sem er.

Deildarstjórn getur vísað félagi úr Rauða krossinum fyrir alvarlegar sakir og skal honum tilkynnt það tafarlaust. Félagi, sem vísað hefur verið úr félaginu, getur skotið þeirri ákvörðun til stjórnar. Niðurstaða stjórnar er endanleg. Stjórn setur nánari reglur um meðferð slíkra mála.

Seta í stjórn og deildarstjórnnum, nefndum og vinnuhópum fyrir Rauða krossinn er ólaunúð.

Aðalfundur setur félaginu siðareglur sem m.a. fjalla um hæfi og hagsmunarárekstra og skipar þriggja manna siðanefnd til tveggja ára í senn.

5. gr. Heiðursviðurkenningar

Aðalfundur getur kjörið heiðursfélagi úr röðum sjálfboðaliða. Heiðursfélagar greiða ekki árgjald en eiga seturétt á aðalfundi deildar sinnar með fullum réttindum. Aðrar viðurkenningar eru veittar samkvæmt reglum sem stjórn setur.

6. gr. Samstarf

Skilyrði fyrir samstarfi Rauða krossins á Íslandi við stjórnvöld, önnur félög eða fyrirtæki innanlands og erlendis er að grundvallarhugsjónir Rauða krossins séu

virtar og að samstarfið styðji við stefnu og verkefni Rauða krossins. Gera skal skriflegt samkomulag um slíkt samstarf til ákveðins tíma. Rauði krossinn styrkir ekki fjárhagslega verkefni á vegum annarra.

2. kafli

Aðalfundur, stjórn og landsskrifstofa

7. gr. Aðalfundur

- a. Aðalfundur er æðsta vald Rauða krossins á Íslandi. Aðalfundur er haldinn annað hvert ár í maí eða júní. Stjórn boðar til fundarins með tryggilegum hætti með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað og ef a.m.k. helmingur tilkynnta fulltrúa sækir fundinn.
- b. Aðalfundur er þannig skipaður:
 - Fulltrúafjöldi á aðalfundi miðast við íbúafjölda á starfssvæði deildar þannig að fyrir hverja 4.000 íbúa eða færri skal tilnefna tvo fulltrúa, fyrir íbúafjölda 4.001-8.000 skal tilnefna þrjá, fyrir 8.001-12.000 íbúa

skal tilnefna fjóra og fyrir 12.001-18.000 íbúa fimm fulltrúa. Deildir á starfssvæði með 18.001-24.000 íbúa skulu tilnefna sex fulltrúa. Þar að auki skal tilnefna einn fulltrúa fyrir hverja 6.000 íbúa ef íbúafjöldi er á bilinu 24.001 til 78.000, einn fulltrúa fyrir hverja 8.000 íbúa ef íbúafjöldi er á bilinu 78.001-102.000, einn fulltrúa fyrir hverja 10.000 íbúa ef íbúafjöldi er 102.001 eða fleiri. Þó skal engin deild tilnefna fleiri fulltrúa á aðalfund en aðrar deildir til samans hafa rétt á. Íbúafjöldi miðast við mannfjölda-skrá Hagstofunnar 1. desember liðins árs. Deildir skulu tilkynna landsskrifstofu um nöfn fulltrúa sinna á aðalfundi mánuði fyrir aðalfund. Launaðir starfsmenn geta ekki setið aðalfund sem fulltrúar deilda.

- Eitt atkvæði fylgir hverjum fulltrúa og getur enginn fulltrúi farið með atkvæði í umboði annars.
 - Einungis fulltrúar þeirra deilda sem hafa skilað stjórn ársskýrslu og samþykktum reikningum fyrir síðasta reikningsár á tilsettum tíma, sbr 1. málsg. 15. gr., hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.
 - Félagar sem hafa greitt árgjald síðasta árs til sinnar deildar fyrir árslok hafa einir fullan atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi Rauða krossins. Kjörnefnd getur vikið frá þessu atkvæði ef næg framboð í nýja stjórn hafa ekki borist fyrir aðalfund.
 - Stjórnarmenn og formaður Ungmennaráðs Rauða krossins á Íslandi sem sitja ekki aðalfund sem fulltrúar deilda eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétt.
 - Stjórn getur boðið einstaklingum sem eru ekki aðalfundarfulltrúar fundarsetu með tillögurétti og málfrelsi.
 - Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi er opinn öllum félögum í Rauða krossinum en einungis fulltrúar deilda hafa málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt, sjá þó d- og e-lið. Þeir sem vilja vera viðstaddir aðalfund en eru ekki fulltrúar deilda sinna þurfa að skrá sig hjá landsskrifstofu með mánaðar fyrirvara hið minnsta.
- c. Ef fulltrúi deildar getur ekki mætt á aðalfund, getur deildarstjórn tilnefnt varafulltrúa með atkvæðisrétt í hans stað til að sækja fundinn. Kostnaði við þátttöku aðalfulltrúa á aðalfundi skal jafnað á deildir eftir fjölda fulltrúa sem þær eiga rétt á sbr. a-lið 2. mgr. Félagar sem velja að vera viðstaddir aðalfund sbr. f-lið 2. mgr. bera sjálfir kostnað af ferðum og viðveru á fundinum.
 - d. Tillögur til lagabreytinga skal senda til stjórnar a.m.k. tveimur mánuðum fyrir aðalfundinn. Hvers konar fyrirhugaðar breytingar á lögnum skal leggja fyrir sameiginlega nefnd Alþjóðaráðsins og Alþjóðasambandsins um lög landsfélaga og skal taka tillit til ábendinga nefndarinnar þegar slíkar breytingar eru gerðar á aðalfundi.
 - e. Aðrar tillögur, sem fulltrúar eða deildir vilja láta taka fyrir á fundinum skal senda til landsskrifstofu með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. A.m.k. tveimur vikum fyrir fundinn sendir skrifstofan eftirfarandi gögn til fulltrúa:
 - Innsendar tillögur frá deildum og fulltrúum á aðalfundi.

- Tillögur stjórnar.
- Greinargerð kjörnefndar.
- Annað efni, sem nauðsynlegt er til afgreiðslu tillagna á dagskrá.

f. Aðalfundur velur sjálfur fundarstjóra, sem stjórnar umræðum og afgreiðir álítaefni sem snerta meðferð mála, atkvæðagreiðslur og niðurstöður þeirra. Á fundum á vegum Rauða krossins á Íslandi gilda almenn fundarsköp.

g. Á dagskrá aðalfundar skulu vera a.m.k. eftirtalin mál:

- Skýrsla stjórnar um starf Rauða krossins á Íslandi tvö undanfarin ár.
- Endurskoðaðir reikningar tveggja síðustu ára til afgreiðslu.
- Tillögur stjórnar um markmið, áætlanir og forgangsröðun verkefna Rauða krossins.
- Tillögur stjórnar um skiptingu tekna milli verkefna og deilda næstu tvö ár sbr. 1. og 2. mgr. 12. gr.
- Ákvörðun árgjalds.
- Innsendar tillögur.
- Kjör stjórnar skv. 8. gr.
- Kosning kjörnefndar.
- Kosning síðanefndar.
- Kosning tveggja skoðunarmanna.

- Tilkynning stjórnar um tíma- og staðsetningu næsta aðalfundar.
- Önnur mál.

h. Kjörnefnd.

- Aðalfundur velur fjögurra manna kjörnefnd til að undirbúa kosningar. Ábyrgð nefndarinnar, hlutverk o.fl. er ákvarðað í verklagsreglum sem samþykktar eru á aðalfundi. Nefndin ber eingöngu ábyrgð gagnvart aðalfundi.
- Kjörnefndarmenn skulu vera félagar í Rauða krossinum. Þeir mega hvorki sitja í stjórn né vera launaðir starfsmenn eða verktakar hjá Rauða krossinum.
- Kjörnefndarmenn eru kosnir til fjögurra ára í senn og taka til starfa 1. janúar þau ár sem aðalfundur er haldinn. Á öðrum hverjum aðalfundi er kosinn formaður nefndarinnar og einn nefndarmaður. Á hinum fundinum eru tveir nefndarmenn kosnir.
- Aðalfundur velur fyrsta og annan varamann í kjörnefndina. Varamennirnir eru kosnir til tveggja ára í senn. Kjörgengir sem varamenn eru þeir sem eru kjörgengir til kjörnefndar.

i. Allir eru kjörgengir í stjórn sem eru

félagar í Rauða krossinum á Íslandi 18 ára og eldri og eru ekki launaðir starfsmenn eða verktakar hjá félaginu. Formaður og varaformaður mega ekki vera virkir í stjórnmálum á landsvísu. Stjórnarmenn eru kjörnir til fjögurra ára í senn. Seta í stjórn er háð eftirfarandi tímatakmarkunum:

- Enginn getur setið samfellt í stjórn lengur en tvö kjörtímabil, þ.e. átta ár í röð, sjá þó c-lið.
- Seta varamanna í stjórn allt að tveimur árum skerðir ekki rétt þeirra til setu í stjórn skv. a-lið. Hvert kjörtímabil umfram eitt skerðir seturétt í stjórn um jafnlangan tíma.
- Heimilt er að stjórnarmaður sé kosinn formaður til eins kjörtímabils umfram fyrrgreind tvö kjörtímabil.
- Ef stjórnarmaður hættir störfum skal varamaður taka sæti hans fram að næsta aðalfundi. Hafi fráfarandi stjórnarmaður verið á fyrra helmingi kjörtímabils skal á næsta aðalfundi kjósa stjórnarmann til tveggja ára í hans stað. Hafi stjórnarmaður setið í stjórn samfleytt í tvö kjörtímabil og síðan gengið úr henni getur hann síðar verið kjörinn í stjórn í eitt kjörtímabil hið mesta.
- Missi stjórnarmaður kjörgengi á kjörtímabili sínu, hverfur hann þegar úr stjórn.

- k. Allar kosningar í trúnaðarstöður samkvæmt f-, g-, h- og i-lið 7. mgr. skulu vera leynilegar ef fleiri eru í framboði en kjósa skal.
- l. Allar aðrar ákvarðanir á aðalfundi eru teknar með einföldum meirihluta atkvæða, sjá þó 12. mgr. Skrifleg atkvæðagreiðsla skal fara fram ef a.m.k. tíu fulltrúar á aðalfundi fara fram á það.
- m. Til að breyta 16.-26. gr. laga þessara þarf einfaldan meirihluta atkvæða. Til að breyta öðrum greinum þarf tvo þriðju hluta atkvæða auk þess sem a.m.k. helmingur fulltrúa á aðalfundi skal taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Samþykktir og kosningar aðalfundar taka gildi við lok fundar nema hann ákveði annað. Færa skal til bókar úrslit kosninga og ákvarðanir og skulu formaður og fundarstjóri skrifa undir fundargerðina.
- n. Aukaaðalfundur er boðaður ef stjórn telur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. einn þriðji hluti deilda sendir stjórn rökstudda beiðni um slíkt. Aukaaðalfundur er boðaður með dagskrá á sama hátt og venjulegur fundur, þó með eins mánaðar

fyrirvara. Aukaaðalfundinn skal halda ekki síðar en tveimur mánuðum eftir að skrifleg beiðni um hann hefur borist.

8. gr. Stjórn

- a.** Stjórn ber ábyrgð á og hefur yfirstjórn á starfi og verkefnum Rauða krossins á Íslandi milli aðalfunda.
- b.** Stjórn er skipuð 11 félögum og skal kjósa formann og varaformann sérstaklega. Stjórnarmenn skulu, eftir að þeir hafa verið kjörnir í fyrsta sinn, skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að þeir muni í störfum sínum fyrir félagið hafa grundvallarhugsjónir Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans í heiðri og vinna samkvæmt samþykktri stefnu félagsins.
- c.** Stjórnarmenn eru kosnir af aðalfundinum til fjögurra ára í senn. Formaður er ekki kosinn á sama fundi og varaformaður. Kosningu annarra stjórnarmanna er deilt jafnt niður með kosningu ýmist fjögurra eða fimm stjórnarmanna á hverjum aðalfundi.
- d.** Aðalfundur kýs tvo varamenn í stjórnina. Varamennirnir eru kosnir til tveggja ára í senn og skal kjósa sérstaklega fyrsta og annan varamann. Kjörgengir sem varamenn eru þeir sem eru kjörgengir í stjórn. Boða skal varamenn á stjórnarfundum eins og kjörna stjórnarmenn og hafa þeir mál-frelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt nema þeir sitji fundi í forföllum stjórnarmanna og skal þeim tilkynnt fyrirfram um slík forföll ef unnt er.
- e.** Stjórnin skipar framkvæmdaráð sem í sitja formaður, varaformaður og tveir stjórnarmenn. Hlutverk þess er að undirbúa fundi stjórnar og fjalla um ákvarðanir sem þola ekki bið og verkefni sem stjórn hefur falið því. Fundargerðir framkvæmdaráðs skulu sendar stjórn og afgreiddar á næsta fundi. Framkvæmdaráð skal funda eins oft og þurfa þykir.
- f.** Stjórn heldur fund strax eftir aðalfund þar sem hún kýs ritara, gjaldkera og fulltrúa í framkvæmdaráð. Stjórn heldur fund a.m.k. 6 sinnum á ári. Milli reglulegra funda skal stjórnin halda fundi þegar formaður eða minnst fjórir stjórn-

armenn óska þess. Boða skal til funda með tryggilegum hætti með minnst fimm daga fyrirvara nema sérstök atvik réttlæti skemmri frest. Stjórnarfundur er lögmaður ef rétt er til hans boðað og að minnsta kosti sex stjórnarmanna eru á fundinum. Á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði formanns.

- g. Stjórn skipar tímabundna starfshópa til að vinna að verkefnum í umboði hennar.
- h. Stjórn getur eftir þörfum skipulagt svæðisbundna samráðsfundi með félögum, sjálfbodaliðum og starfsmönnum um verkefni deilda á starfssvæðum þeirra.
- i. Stjórn ræður framkvæmdastjóra.
- j. Stjórn samþykkir endurskoðaða reikninga fyrir Rauða krossinn og gerir fjárhagsáætlanir með tilliti til samþykktu aðalfunda um markmið og verkefni Rauða krossins.

9. gr. Formannafundur

Stjórn skal boða til formannafundar árlega á haustmisseri. Niðurstaða slíkra funda er ráðgjafandi fyrir stjórn og aðalfund. Rétt til setu á formannafundi hafa formenn allra deilda, stjórn, formaður URKÍ og formenn deildarráða. Formannafundur skal boðaður á tryggilegan hátt með eins mánaðar fyrirvara.

10. gr. Formaður

Staða formanns Rauða krossins á Íslands er æðsta embætti félagsins. Formaður leiðir starf Rauða krossins samkvæmt samþykktum aðalfundar og ákvörðunum stjórnar. Formaður er fulltrúi Rauða krossins á Íslandi á innlendum og erlendum vettvangi. Hann

- boðar til stjórnarfundu og stýrir þeim.
- hefur tilsjón með starfi Rauða krossins á Íslandi og landsskrifstofu fyrir hönd stjórnarinnar.
- ber ábyrgð á að deildirnar, aðalfundur og stjórn fái upplýsingar um stöðu og starf Rauða krossins.

11. gr. Landsskrifstofa Rauða krossins

- a. Landsskrifstofa aflar hugsjónum og verkefnum Rauða krossins stuðnings með útbreiðslustarfi, samræmir vinnubrögð og miðlar þekkingu, vinnur að verkefnum á landsvísu svo og að neyðar- og þróunaraðstoð og þjónustar deildir með fræðslu og verkfærum til þess að þær geti framkvæmt stefnu félagsins og samþykkt verkefni.
- b. Landsskrifstofa annast daglegan rekstur og samskipti við deildir, deildaráð og alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans, ríkisstjórn, ráðuneyti og við félög Rauða krossins og Rauða hálfmánans í öðrum löndum auk annarra samstarfsaðila.

3. kafli

Fjármál

12. gr. Ráðstöfun tekna og fleira

- a. Hlutfallsleg skipting tekna Rauða krossins frá Íslandsspilum milli deilda,

c. Framkvæmdastjóri Rauða krossins á Íslandi

- er yfirmaður landsskrifstofu og ber ábyrgð á starfsemi hennar,
- hefur eftirlit með starfi deilda, að fylgt sé almennum reglum og stefnu sem aðalfundur og stjórn hafa markað, þar á meðal starfsmannastefnu og launastefnu,
- situr fundi stjórnar og framkvæmdaráðs með tillögurétt og málfrelsi,
- sér um að gera fjárhagsáætlanir og fjárhagsskýrslur á grundvelli upplýsinga frá deildum,
- er lögmaður fulltrúi landsfélagsins gagnvart þriðja aðila og dómstólum,
- má ekki vera virkur í stjórnámálum á landsvísu.
Stjórn setur nánari reglur um skyldur og störf framkvæmdastjóra.

sameiginlegs kostnaðar, alþjóðastarfs, reksturs sjúkrabíla og Verkefnasjóðs er ákveðin á aðalfundi fyrir næstu tvö ár.

- b.** Sá hluti tekna af Íslandsspilum sem fer til deilda skal vera tengdur verkefnum og virkni deilda. Aðalfundur setur reglur um þessa skiptingu fyrir næstu tvö ár.
- c.** Premur mánuðum fyrir aðalfund skal stjórn kynna fyrir deildum drög að skiptingu skv. 1. og 2. mgr., kalla eftir athugasemdum og síðan senda út tillögu sína a.m.k. mánuði fyrir aðalfund.
- d.** Árgjöld félaga í Rauða krossinum á Íslandi renna óskipt til viðkomandi deildar að frádregnum innheimtukostnaði.
- e.** Tekjur af annarri fjáröflun, s.s. fatasöfnun, skiptast skv. reglum sem samþykktar eru á aðalfundi. Í þessum reglum skal einnig kveðið á um verkaskiptingu innan Rauða krossins varðandi fjáröflun.
- f.** Stjórn getur stöðvað greiðslur til deildar ef hún
 - stendur ekki skil á ársreikningi og skýrslu um törf sín ásamt framkvæmda- og fjárhagsáætlun.
 - ef deildin starfar ekki skv. lögum og stefnu félagsins.

- g.** Deild getur ekki skuldbundið sig fjárhagslega fyrir hærri upphæð en sem nemur tekjum hennar undanfarin tvö ár að frátöldum framlögum úr Verkefnasjóði og innbyrðis viðskiptum innan Rauða krossins á Íslandi nema með samþykki stjórnar. Sömuleiðis er deild ekki heimilt að reka sig með halla, eigi hún ekki handbært fé til að mæta þeirri ráðstöfun, nema fjárhagsáætlun um slíkt hafi hlotið samþykki stjórnar.

13. gr. Verkefnasjóður

- a.** Meginhlutverk Verkefnasjóðs er að veita styrki til verkefna deilda og deildaráða, sem samræmast gildandi stefnu Rauða krossins.
- b.** Tekjur Verkefnasjóðs eru:
 - Hlutfall af tekjum af Íslandsspilum skv. ákvörðun aðalfundar sbr. 1. mgr. 12. gr.
 - Tekjur sem að ella hefðu runnið til deilda sbr. 6. mgr. 12. gr.
 - Áætluð framlög til reksturs sjúkrabíla, hætti félagið afskiptum af rekstri þeirra.
- c.** Úthluta skal styrkjum úr Verkefnasjóði einu sinni á ári í september til deilda

og deildarráða. Skulu umsóknir berast landsskrifstofu fyrir 20. ágúst ár hvert. Greiðslur samkvæmt úthlutun verða inntar af hendi á því starfsári sem úthlutað er fyrir. Hver deild getur ekki fengið meira en sem nemur fjórðungi (25%) af heildarfjárhæð sjóðsins. Ef umsóknir í Verkefnasjóð eru með þeim hætti að tekjuafgangur er af sjóðnum að lokinni úthlutun í september, gefst deildum tækifæri á að senda inn umsóknir og skulu þær berast til landsskrifstofu fyrir 15. nóvember. Við úthlutun á tekjuafgangi er ekki hámark á hversu stórt hlutfall af sjóðnum getur farið til einnar deildar. Úthlutun er háð rauntekjum Verkefnasjóðs og skal framlag sem úthlutað hefur verið til verkefnis leiðrétt til samræmis við þær. Frávik frá áætlun leiðréttist við úthlutun á næsta ári. Ekki er hægt að skuldbinda Verkefnasjóð til lengri tíma en þriggja ára í senn.

d. Við úthlutun skal taka mið af

- fjárbörf verkefnis
- fjárhags- og framkvæmdaáætlun umsækjanda

- e.** Stjórn Verkefnasjóðs sér um eftirfylgni og eftirlit með þeim verkefnum sem hljóta úthlutun úr sjóðnum. Deildir og deildaráð skulu skila inn áfangaskýrslum til landsskrifstofu fyrir 15. mars um verkefnið sem úthlutað var til á nýliðnu ári. Stjórn getur afturkallað veittan styrk að hluta eða öllu leyti ef forsendur breytast verulega.
- f.** Stjórn Rauða krossins á Íslandi skipar fulltrúa í stjórn Verkefnasjóðs og setur nánari reglur um hlutverk Verkefnasjóðs og úthlutun úr honum.

14. gr. Varasjóður

a. Rauði krossinn skal eiga varasjóð.

Tilgangur hans er að:

- vera tryggingarsjóður vegna áfalla sem félagið kann að verða fyrir.
- geta brugðist við stóráföllum innanlands og utan.
- fjármagna viðamikil verkefni sem aðalfundur ákveður.

- b.** Fé er lagt í varasjóð í samræmi við samþykkt aðalfundar sem ákveður hver upphæð hans skuli vera.

- c. Veðsetning varasjóðs, eða lántaka úr honum til skemmri eða lengri tíma, er óheimil nema með samþykki aðalfundar.
- d. Varasjóður skal varðveittur í banka og/ eða hjá löggiltu verðbréfafyrirtæki. Meginstefna við vörslu hans skal vera öryggi frekar en há ávöxtun

15. gr. Reikningsár félagsins og endurskoðun

- a. Reikningsár Rauða krossins á Íslandi er almanaksárið. Deildirnar skulu eigi síðar en 15. mars ár hvert senda stjórninni skýrslur um störf sín og ársreikninga staðfesta af aðalfundum deildanna. Deildir og deildaráð skulu skila framkvæmda- og fjárhagsáætlun næsta árs auk fjögurra ára verkefnaáætlunar til landsskrifstofu eigi síðar en 10. nóvember. Standi deild ekki skil á þessum upplýsingum til stjórnar getur stjórnin stöðvað greiðslur til hennar.
- b. Bókhald Rauða krossins skal fært í eitt bókhaldskerfi. Ársreikningur Rauða krossins er gerður upp sem samstæðureikningur sem nær til allrar starfsemi Rauða krossins á Íslandi. Framsetning reikningsskila deilda skal vera með sambærilegum hætti samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.
- c. Stjórn skal árlega endurskoða ársreikninga og bókhald tiltekins fjölda deilda sem valdar eru af handahófi. Deildum er skylt að veita stjórninni aðgang að bókhaldi sínu í þessu skyni.
- d. Einn löggiltur endurskoðandi skal skoða reikninga félagsins alls. Reikningar deilda skulu endurskoðaðir af sama endurskoðanda í samræmi við almenna ákvörðun stjórnar hverju sinni.

4. kafli

Deildir og deildaráð

16. gr. Staða deilda

Deild er hluti af Rauða krossinum á Íslandi sbr. 4. grein. Ákvæði laga þessara í 16. til 25. gr. gilda fyrir allar deildir. Deildir geta sett nánari reglur um starfsemi sína.

17. gr. Starfssvæði deilda

- a. Hver deild starfar á afmörkuðu og skilgreindu landssvæði, sbr. þó 2. mgr. 18. gr.
- b. Sameina má deildir eftir ákvörðun viðkomandi deilda og að fengnu samþykki stjórnar. Ákvörðunin skal tekin af aðalfundum deildanna og nægir samþykki einfalds meirihluta þeirra félaga sem sækja fundina. Sameining tekur gildi við upphaf nýs reikningsárs.
- c. Fyrsti reglulegi aðalfundur í hinni nýju deild skal haldinn fyrir lok október árið áður en sameiningin tekur gildi. Fráfarandi deildarstjórnir ganga frá endurskoðuðum reikningum til deildarstjórn-

ar nýju deildarinnar sem sér um að senda þá til stjórnar.

- d. Innan tveggja ára getur aðalfundur eða aukaaðalfundur hinnar nýju deildar sótt til stjórnar um að skipta deildinni aftur. Við slíka skiptingu fá upphaflegu deildirnar í sinn hlut sama hlutfall eigna og þær lögðu til við sameininguna.

18. gr. Markmið og verkefni deilda

- a. Deild skal á starfssvæði sínu starfa að markmiðum og verkefnum Rauða krossins sem lýst er í 3. gr. Hver deild skal greina brýnustu þarfir fyrir starf í anda félagsins á starfssvæði sínu og haga störfum sínum eftir niðurstöðum þarfagreiningarinnar.
- b. Geti deild ekki starfað að markmiðum og verkefnum Rauða krossins eða hluta af þeim ber henni að leita samstarfs við aðrar deildir, deildaráð eða stjórn um lausn þeirra.

19. gr. Samstarf og samráð deilda og deildaráða

- a. Deildir geta átt samstarf sín á milli m.a. með því að mynda deildaráð.
- b. Deildir og deildaráð geta starfað með stjórn, landsskrifstofu og öðrum aðilum að framkvæmd stefnu og verkefna Rauða krossins á starfssvæðum þeirra sbr. 1. mgr. 17. gr.
- c. Í sveitarfélögum, þar sem tvær eða fleiri deildir starfa skulu þær starfa saman í deildaráði. Deildirnar geta fært starfsemi sína að hluta eða að fullu til deildaráðsins og er starfsemi þess fjármögnuð með framlögum frá viðkomandi deildum.
- d. Stjórn setur nánari reglur um samstarf deilda og deildaráða.

20. gr. Aðalfundur deilda

- a. Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. mars ár hvert. Kalla má saman aukaaðalfund ef deildarstjórn telur slíkt nauðsynlegt eða ef hið minnsta fjórðungur félaga í

deildinni óskar þess skriflega. Deildarstjórnin boðar á tryggilegan hátt bæði reglulegan aðalfund og aukaaðalfund með dagskrá með minnst 14 daga fyrirvara. Einnig skal aðalfundur tilkynntur til landsskrifstofu með sama fyrirvara. Deildarstjórn getur skipað kjörnefnd sem undirbýr kjör stjórnar og skoðunarmanna í samræmi við lög félagsins.

- b. Félagsaðild eða sjálfboðaliðasamningur veitir aðgang að aðalfundinum.
- c. Félagar sem hafa greitt árgjald síðasta árs til deildarinnar fyrir árslok hafa einir fullan atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi deildar sinnar. Deildarstjórn, eða kjörnefnd þar sem hún hefur verið skipuð, getur vikið frá þessu ákvæði ef næg framboð í nýja deildarstjórn hafa ekki borist fyrir aðalfund. Launaðir starfsmenn hjá Rauða krossinum og félagar undir 18 ára aldri hafa ekki atkvæðisrétt eða kjörgengi á aðalfundi en hafa málfrelsi og tillögurétt. Félagar undir 18 ára aldri greiða ekki árgjald.

- d.** Kjörtímabil er tvö ár fyrir formann og fulltrúa í deildarstjórn og eitt ár fyrir varamenn og skoðunarmenn. Hægt er að kjósa stjórnarmenn aftur í öll embætti, sjá þó 5. mgr. Leitast skal við að skipan deildarstjórnar endurspegli fjölbreytileika samfélagsins á starfssvæði deildarinnar, svo sem með tilliti til kyns, aldurs, þjóðernis og búsetu.
- e.** Enginn getur setið í deildarstjórn sem aðal- eða varamaður eða verið skoðunarmaður lengur en fjögur kjörtímabil samfellt, þ.e. átta ár í röð. Verði stjórnarmaður formaður getur hann setið lengur en sem nemur fyrrgreindum átta árum, þó aldrei lengur en tólf ár samfellt í deildarstjórn. Hafi deildarstjórnarmaður setið í stjórn samfellt í fjögur kjörtímabil eða sex kjörtímabil ef viðkomandi hefur verið formaður og síðan gengið úr deildarstjórn má endurkjósa hann sem aðal- eða varamann í stjórnina að fjórum árum liðnum.
- f.** Meiriháttar tillögur sem afgreiða skal á reglulegum aðalfundi þarf að senda skriflega til deildarstjórnar í síðasta lagi 7 dögum fyrir aðalfund.
- g.** Á dagskrá aðalfundar deildar skulu vera a.m.k. eftirtalin atriði:
- Kosning fundarstjóra.
 - Skýrsla/greinargerð um starf deildarinnar.
 - Skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
 - Framkvæmda- og fjárhagsáætlun lögð fram.
 - Innsendar tillögur.
 - Kosning deildarstjórnar skv. 21. gr.
 - Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra.
 - Önnur mál.
- h.** Skoðunarmenn og varamenn þeirra skulu hafa þekkingu á reikningsskilum. Ef skoðunarmaður er ekki löggiltur endurskoðandi skal kjósa tvo skoðunarmenn.
- i.** Ákvarðanir á aðalfundum eru teknar með einföldum meirihluta þeirra félaga sem sækja fundinn, sbr. þó 25. gr.
- j.** Aðalfundurinn kýs fulltrúa í deildarstjórnina skv. 21. gr. Ef stjórnarmaður hættir störfum á fyrra ári kjörtímabils skal á næsta aðalfundi kjósa stjórnarmann til eins árs í hans stað.

- k. Aðalfundurinn kýs varamenn í deildarstjórnina og ákveður í hvaða röð varamenn skuli taka sæti aðalmanna.
- l. Almennan félagsfund annan en aðalfund skal boða með tryggilegum hætti með minnst fimm daga fyrirvara.

21. gr. Skipan deildarstjórna

- a. Forysta hvefrrar deildar er deildarstjórn með fimm félögum hið fæsta að formanni meðtöldum. Kjósa skal um helming deildarstjórnar á hverju ári.
- b. Deildarstjórn velur varaformann, ritara og gjaldkera. Formaður, varaformaður og skoðunarmaður geta ekki jafnframt gegnt stöðu gjaldkera. Gjaldkeri má ekki vera maki eða tengdur formanni, varaformanni eða skoðunarmanni nánnum fjölskylduböndum.
- c. Stjórnarstörf eru ólaunuð. Deildarstjórn getur ráðið sér launaða aðstoð, deildarstjóra eða aðra starfsmenn. Ef fulltrúi í deildarstjórn tekur að sér launaða vinnu eða verktöku fyrir Rauða krossinn skal hann um leið ganga úr deildarstjórninni.

Stjórn Rauða krossins getur í undantekningartilvikum heimilað fulltrúa í deildarstjórn að taka að sér fræðslu eða önnur slík verk gegn greiðslu ef hagsmunir deildarinnar krefjast þess.

22. gr. Ábyrgð og fundir deildarstjórnar

- a. Deildarstjórn skipuleggur starf deildar og meðferð á eignum hennar.
- b. Deildarstjórn ber ábyrgð á rekstri deildar gagnvart stjórn sem getur hlutast til um starfsemi deildarinnar ef hún vikur frá lögum og stefnu félagsins og öðrum ákvörðunum sem aðalfundur eða stjórn hefur tekið
- c. Formaður deildar kallar deildarstjórn saman og einnig skal hún koma saman ef 1/3 hluti deildarstjórnarmanna óskar þess. Til þess að deildarstjórn geti tekið gildar ákvarðanir verður a.m.k. helmingur deildarstjórnarmanna að vera á fundi. Ef atkvæði falla jöfn ræður atkvæði formanns.
- d. Reikningsár deildar er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

- e. Stjórn setur reglur um hvernig reikningar skulu færðir, framsettir og endurskoðaðir og um skýrslugerð deilda og deildaráða til landsskrifstofu.

23. gr. Störf deilda og sjálfboðaliðar

- a. Deildarstjórn skipar verkefnisstjórnir og starfshópa úr hópi sjálfboðaliða til að koma af stað, framkvæma og þróa verkefni deildarinnar.
- b. Deildarstjórn hvetur til og stuðlar að frumkvæði og þátttöku sjálfboðaliða deildarinnar, forgangsraðar verkefnum og styður við framkvæmd þeirra.

24. gr. Sjálfboðaliðasamningur og tryggingar

- a. Félagar og sjálfboðaliðar eru skráðir í miðlægan gagnagrunn í umsjá landsskrifstofu.
- b. Sjálfboðaliðar skulu gera sjálfboðasamning við deildir um framlag sitt.
- c. Landsskrifstofa annast hóptryggingu fyrir alla samningsbundna sjálfboðaliða.

25. gr. Deild lögð niður

- a. Ef leggja á deild niður þarf að samþykkja það með 2/3 atkvæða á aðalfundi sem hið minnsta 2/3 félaga í deildinni sækja. Séu þessi skilyrði ekki uppfyllt, skal deildarstjórn boða til aukaaðalfundar. Verði tillagan samþykkt á þeim fundi með 2/3 greiddra atkvæða er sú niðurstaða bindandi, óháð fundarsókn.
- b. Stjórn getur lagt niður deild til bráðabirgða ef hún starfar andstætt grundvallarhugsjónum hreyfingarinnar, lögum eða stefnu Rauða krossins á Íslandi. Stjórn er einnig heimilt að leggja niður deild hafi hún ekki haldið aðalfund í tvö ár og ekki skilað framkvæmdaáætlun, ársskýrslu eða ársreikningi.
- c. Ákvörðun stjórnar um að leggja niður deild skal lögð fyrir næsta aðalfund félagsins til endanlegrar afgreiðslu.
- d. Fulltrúi eða fulltrúar deildar sem lögð hefur verið niður til bráðabirgða njóta ekki atkvæðisréttar á aðalfundi við afgreiðslu á máli deildarinnar. Þess skal

gætt að þeim gefist kostur á að tala máli deildarinnar áður en ákvörðun er tekin.

e. Þegar deild er lögð niður renna eignir, verkefni o.þ.h. til Rauða krossins á Íslandi.

5. kafli

Ungmennaráð Rauða krossins

26. gr. Ungmennaráð Rauða krossins

- a. Ungmennaráð Rauða krossins á Íslandi, skammstafað URKÍ, er stjórn ungmennahreyfingar Rauða krossins. URKÍ er málsvari og gætir hagsmuna ungs fólks í félaginu. URKÍ sendir tillögur sínar til stjórnar sem tekur þær til afgreiðslu. Formaður URKÍ fundar með stjórn a.m.k. tvisvar á ári.
- b. URKÍ heldur ungmennáþing fyrir lok apríl ár hvert og þar eru kosnir fjórir fulltrúar í ráðið auk formanns. Á hverju ungmennáþingi skulu kosnir þrír fulltrúar í URKÍ, einn til tveggja ára og tveir til eins árs. Annað hvert ár skal auk þess kjósa formann til tveggja ára en að öðru leyti skiptir URKÍ með sér verkum á fyrsta fundi eftir ungmennáþing.

- c. Áður en boðað er til ungmennáþings skal URKÍ skipa kjörnefnd sem vinnur eftir starfsreglum sem ráðið setur um kjörnefnd.
- d. Hlutverk ungmennáþings er einnig að gera tillögur um áherslur í ungmennastarfi Rauða krossins á Íslandi í samræmi við stefnu og markmið félagsins. URKÍ tekur þessar tillögur til frekari meðhöndlunar.
- e. Til ungmennáþings skal boða með minnst mánaðar fyrirvara með fundarboði til allra deilda og auk þess opinberlega með áberandi hætti. Skulu deildarstjórnir tilnefna fulltrúa sína og tilkynna URKÍ. Viðkomandi deildir bera allan kostnað af þátttöku fulltrúa sinna á ungmennáþingum. Ungmennáþing er löglegt ef löglega er til þess boðað.

- f.** Á ungmennáþingi hafa allir félagar í Rauða krossinum á aldrinum 16 til 30 ára rétt til setu með tillögu- og atkvæðisrétt. Tillögur til ungmennáþings skulu hafa borist URKÍ tveimur vikum fyrir ungmennáþing. Tillögur öðlast gildi ef meirihluti fundarmanna greiðir þeim atkvæði sitt.
- g.** URKÍ getur boðað til auka ungmennáþings sem skal gera ef a.m.k. þriðjungur félaga í Rauða krossinum

á aldrinum 16 til 30 ára krefst þess. Sömu reglur gilda um boðun auka ungmennáþings og ungmennáþings.

- h.** URKÍ skal funda að minnsta kosti fjórum sinnum á ári. Formaður boðar til funda með tryggilegum hætti með minnst einnar viku fyrirvara. Fundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað og a.m.k. helmingur fulltrúa í URKÍ er mættur.

6. kafli

Slit og gildistaka

27. gr. Slit félagsins

Nú telst rétt að leggja niður starfsemi Rauða krossins á Íslandi og verður ákvörðun þar að lútandi aðeins tekin á aðalfundi. Um undirbúning og atkvæðagreiðslu á fundinum skal fylgja þeim reglum sem gilda um breytingar í 11. mgr. 7. gr.

Verði Rauði krossinn á Íslandi lagður niður, skal aðalfundur sem það samþykkir ráðstafa öllum eigum í sem nánustu samræmi við tilgang félagsins.

28. gr. Gildistaka

Þessi lög Rauða krossins á Íslandi voru samþykkt á aðalfundi félagsins hinn 19. maí 2012 og koma í stað fyrri laga og samþykkt fyrir félagið.

Síðareglur Rauða krossins

1. Virða grundvallarhugsjónir Alþjóða-hreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans ásamt leiðarljósi Rauða kross Íslands og vinna hvoru tveggja brautargengi

Grundvallarhugsjónir eru mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfbodnið starf, eining og alheims-hreyfing. Þessum atriðum eru allir sjálfbodaliðar og starfsmenn skuld-bundnir, en ástæða þykir til að draga þau sérstaklega fram í síðareglunum sem og öðrum reglum félagsins. Einnig er hvatt til að þau séu kynnt við störf á vegum félagsins

2. Koma fram af heiðarleika og virðingu gagnvart þeim sem starfað er fyrir eða með óháð þjóðerni, uppruna, kyni, aldri, trúarbrögðum, stjórnmálaskoð-unum eða þjóðfélagsstöðu

Í lögum félagsins segir að tilgangur hreyfingarinnar sé að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mann-legu lífi. Þar segir einnig að félagið

standi vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga. Aldrei má gleyma fyrir hverja við störfum eða eigum í samstarfi við. Með þessu ákvæði í síðareglunum er grundvöllur félagsins ítekaður og lögð áhersla á að ekki sé farið í manngreinarálit. Ávallt skal taka mið af aðstæðum þeirra sem unnið er með t.d. við umfjöllun í skýrslum eða blaðaskrifum, við myndatökur eða myndasýningar.

3. Gæta fyllsta trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og ber að fara með sem trúnaðarmál

Í mörgum verkefnum á vegum félagsins er trúnaður við einstaklinga nauðsynlegur t.d. í starfi heimsóknar-vina eða í heimsóknum til fanga. Sjálf-bodaliði eða starfsmaður getur staðið frammi fyrir aðstæðum þar sem vafi leikur á hvort trúnaður sé til hagsbóta. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að ræða málið t.d. við formann deildar eða starfsmaður við sinn yfirmann. Í sumum tilvikum geta ákvæði í lögum,

s.s. lögum um vernd barna og ung-
menna, kveðið á um trúnað eða
upphafið hann.

**4. Ekki sýna áreitni eða misbeita valdi,
hvorki kynferðislega né á annan hátt í
samskiptum við einstaklinga sem þeir
starfa fyrir eða með**

Með þessari grein er er átt við
óvelkomna eða ógnandi heðgun af kyn-
ferðislegum toga, ef traust er misnotað
til að ná yfirburðum eða ef sjálboðaliði
eða starfsmaður misnotar yfirburða
stöðu til eigin hagsmuna. Einnig á þessi
grein við um einelti, niðurlægjandi tals-
máta eða framkomu sem getur sært
eða valdið andlegri vanlíðan.

**5. Gæta þess, við öflun fjármuna, að hafa
sjálfstæði félagsins í heiðri**

Þessi grein undirstrikar að fjáraflanir
fara fram á forsendum félagsins. Komi
tilboð um fjármagn til verkefna sem
falla utan við markmið félagsins eða
ef styrktaraðili vill stýra framkvæmd
verkefnis þá ber að hafna slíku.

**6. Einungis nota fjármuni og eigur Rauða
kross Íslands í þágu hans og þeirra
verkefna sem samræmast stefnu
félagsins og skuldbinda hann ekki
umfram samþykktir**

Með þessari grein er lögð áhersla á að í
öllu starfi félagsins sé unnið í anda þeirra
verkefna sem samþykkt hafa verið á aðal-
fundi og falla innan hugmyndafræði og
stefnu Rauða krossins. Við val á verkefna-
um verður því alltaf að taka mið af því.
Einnig að þegar um fjárhagslegar skuld-
bindingar er að ræða þá þarf fyrir þeim
samþykki viðkomandi stjórnar. Það getur
verið annars vegar samþykkt fjárhags-
áætlun og hins vegar samþykkt stjórnar
vegna einstakra mála eða verkefna.

**7. Fordast að taka að sér verkefni sem
ganga gegn hugsjónum félagsins**

Með þessari grein er ítrekað að sjálf-
boðaliðar og starfsmenn Rauða kross-
ins eru málsvarar og fulltrúar ákveð-
inna gilda. Þess vegna getur það t.d.
ekki farið saman að vinna innan Rauða
krossins og starfa innan samtaka sem
halda á lofti kynþáttafordómum.

8. Gæta þess að koma ekki fram fyrir hönd Rauða krossins í samskiptum við félög, fyrirtæki og stofnanir sem þeir eru í forsvari fyrir, sérstaklega þegar um viðskiptalega hagsmuni gæti verið að ræða

Mikilvægt er að aldrei sé hægt að saka neinn í Rauða kross starfi um að vera beggja vegna borðsins og ákvarðanir verða að byggja á málefnalegum forsendum. Þess verður að gæta að koma ekki að ákvörðunum innan Rauða krossins þar sem persónulegir hagsmunir geta tengst því hver ákvörðunin er. Þegar um þannig aðstæður er að ræða, sem auðvitað geta komið upp, þarf viðkomandi að stíga til hliðar og láta

öðrum málið eftir. Hér er um að ræða sömu vinnureglu og gildir í almennri stjórnsýslu.

9. Ekki taka þátt í ráðstöfun fjármuna eða eigna félagsins til verkefna þar sem þeir eða einstaklingar nánir þeim eiga hagsmuna að gæta

Þessi grein snýst einnig um mögulega hagsmunaárekstra þeirra sem starfa innan Rauða krossins. Ef slíkt kynni að koma upp (t.d. með því að einstaklingur taki að sér verkefni fyrir Rauða krossinn gegn greiðslu) bæri viðkomandi í samræmi við þessa reglu að segja sig frá málinu, ekki taka þátt í afgreiðslu þess né beita sér á nokkurn hátt.

Barnaverndarreglur Rauða krossins

Reglum þessum er ætlað í fyrsta lagi að upplýsa sjálfboðaliða og starfsfólk Rauða krossins um hvað beri að gera ef grunur vaknar um að barn þurfi eða hafi þurft að þola illa meðferð eða ofbeldi. Í öðru lagi er reglunum ætlað að veita

upplýsingar um verklag við val sjálfboðaliða og ráðningar starfsmanna Rauða krossins í verkefni og störf með börnum og ungmennum. Í þriðja lagi er tilgreint hvað ber að gera ef grunur vaknar um að sjálfboðaliði eða

starfsmaður Rauða krossins hafi gerst sekur um brot gagnvart barni.

1. gr. Aldur

Barnaverndarreglur Rauða krossins varða börn upp að 18 ára aldri.

2. gr. Nokkrar tegundir illrar meðferðar og ofbeldis gagnvart börnum

Leiðbeinandi flokkunarkerfi barnaverndarmála: Vanræksla, ofbeldi (líkamlegt, andlegt og kynferðislegt), áhættu- hegðun barns og heilsu og lífi ófæðds barns stefnt í hættu.

3. gr. Verklag varðandi val í sjálfboðaliða- og launuð störf með börnum hjá Rauða krossinum

„...Yfirmenn skóla, leikskóla, sumar- dvalarheimila, íþrótt- og tómstunda- miðstöðva og annarra slíkra stofnana eða staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma, eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn maður, sem sótt hefur um störf á þeirra vegum, hefur

hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr., að fengu samþykki hans.“

Barnaverndarlög nr. 80/2002 36.gr.

Gæta skal sérstakrar aðgæslu þegar einstaklingar koma að störfum með börnum og ungmennum innan Rauða krossins, hvort sem um er að ræða störf sjálfboðaliða eða starfsmanna. Verklagi þessu skal fylgt við allar ráðningar í launuð störf með börnum og ungmennum og að lágmarki við val þeirra sjálfboðaliða sem vinna sem leiðbeinendur og hafa umsjón með öðrum sjálfboðaliðum í barna- og ungmennastarfi.

Metið skal almennt hæfi umsækjenda (sjá fylgiskjal 1 sem dæmi um umsókn sjálfboðaliða og viðtalsupplýsingar). Þegar liggur fyrir hverjir koma til greina í verkefnið/starfið skilar umsækjandi inn sakavottorði.[1]

[1] Það er mikilvægt að biðja um upplýsingar úr sakaskrá um hvort viðkomandi hafi hlotið dóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Viðkomandi þarf alltaf að veita heimild

fyrir slíku. Ef ekki er beðið um slíkt gefur sakavottorðið einungis upplýsingar um síðustu 5 ár. Jafnframt skal óska eftir að sakavottorðið tilgreini um brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 á síðastliðnum 5 árum. Umsækjandi getur gefið Rauða krossinum heimild til að fá afhent sakavottorð og sér þá félagið um að nálgast vottorðið. Þegar sjálfboðaliði er beðinn um sakavottorð greiðir Rauði krossinn kostnað vegna þess.

Einungis deildarstjóri Rauða kross deildar og eftir atvikum formaður deildarinnar hafa aðgang að sakavottorðinu.

Umsækjandi skal gefa upplýsingar um nöfn umsagnaraðila (sjá fylgiskjal 2). Marmíðið er að fá mat á háfni einstaklingsins til að vinna á jákvæðan og áhrifaríkan hátt með börnum. Æskilegt er að umsagnaraðilar hafi séð viðkomandi vinna með börnum eða geti gefið upplýsingar um hæfni viðkomandi (sjá fylgiskjal 3 sem dæmi um spurningar til umsagnaraðila). Slíkt er þó ekki alltaf mögulegt, sérstaklega þegar um

er að ræða ungt fólk með takmarkaða starfsreynslu.

4. gr. Verklagsreglur um tilkynningaskyldu starfsmenn/sjálfboðaliða í barna- ungmennastarfi Rauða krossins til barnaverndaryfirvalda

„Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.“

Barnaverndarlög nr. 80/2002 17. gr.

Lagaskylda, sbr. 17. gr. laga nr. 80/2002 hvílir á sjálfboðaliðum og starfsmönnum Rauða krossins. Tilkynna skal til barnaverndarnefndar um grun, ekki aðeins staðfestar sannanir. Það er síðan barnaverndarnefnd sem metur hvort grunur sé nægilega rökstuddur og tekur ákvörðun um frekari aðgerðir.

Stundum getur verið erfitt að meta

hvort um vanrækslu sé að ræða eða ekki og jafnvel getur verið um einhverja tilfinningu. Þá er mikilvægt að fá aðstoð við að skilja hvers vegna grunur hefur vaknað. Í þessum tilvikum er unnt að hringja í viðkomandi barnaverndarnefnd og ræða tilvikid nafnlaust og í framhaldi af því ákveða hvort tilkynna eigi um málið eða ekki,

Æskilegt er að tveir starfsmenn/sjálfbodaaliðar sinni verkefnum í barna- og ungmennastarfi.

Tilkynna skal um grun eins fljótt og unnt er. Það verklag skal viðhaft að tilkynnt sé í nafni Rauða krossins. Formaður eða deildarstjóri viðkomandi Rauða kross deildar tilkynnir til barnaverndarnefndar. Félagid nýtur ekki nafnleyndar sbr. 19. gr. barnaverndarlaganna. Mælt er með því að tilkynningar séu skriflegar en gefist ekki ráðrúm til þess (t.d. við aðkallandi aðstæður) má tilkynna símleidis (sjá fylgiskjal 4). Landsskrifstofa Rauða krossins skal ætíð upplýst ef tilkynnt hefur verið um tilvik eða grun um slíkt til barnaverndarnefndar.

Deild getur einnig notið aðstoðar landsskrifstofu Rauða krossins við að koma tilkynningunni áfram.

Samskipti við foreldra:

Þar sem tilkynningin er formleg og nafn Rauða krossins kemur við sögu skal fulltrúi deildar eða landsskrifstofu láta foreldra vita af tilkynningunni og gera þeim grein fyrir þeirri lagaskyldu sem á Rauða krossinum hvílir um að tilkynna grun um vanrækslu. Þetta á ekki við þegar grunur hefur vaknað um að barn búi við ofbeldi á heimili sínu, hvort heldur sem er líkamlegt eða kynferðislegt. Þá skal hafa beint samband við barnaverndarnefnd án þess að upplýsa foreldra um það.

5. gr. Grunsemdir um að sjálfbodaaliði eða starfsmaður Rauða krossins hafi gert sig sekan um brot gagnvart barni

Ef grunsemdir vakna um að sjálfbodaaliði eða starfsmaður hafi gert sig sekan um brot gagnvart barni skal viðkomandi tafarlaust hætta störfum tímabundið á meðan málið er rannsakað. Málið er

tilkynnt til barnaverndarnefndar og/eða lögreglu eftir atvikum. Reynist grunur á rökum reistur skal sjálfboðaliði hætta í

verkefnum á vegum félagsins og starfsmanni sagt upp störfum.

Viðmið fyrir vel starfandi Rauða kross deild

- Vel starfandi deild fylgir grundvallarhugsjónum alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur eftir leiðarljósi, lögum og stefnu Rauða krossins á Íslandi.
- Vel starfandi deild er sýnileg á starfssvæði sínu, hefur hentuga aðstöðu fyrir starfsemina og viðheldur góðri ímynd hreyfingarinnar
- Vel starfandi deild hefur virka stjórnarmenn, dreifir ábyrgð með skýrri verkskiptingu og heldur reglulega fundi á föstum fundartíma.
- Vel starfandi deild gerir fjárhags- og framkvæmdaáætlanir og velur verkefni sín af ábyrgð í samræmi við stefnu félagsins og á grundvelli rannsókna.
- Vel starfandi deild laðar til sín nýja félaga og sjálfboðaliða úr öllu þjóðfélaginu, gerir sjálfboðaliðasamninga og kemur upplýsingum í nafnaskrá Rauða krossins.
- Vel starfandi deild tryggir sjálfboðaliðum aðgengi að reglulegri þjálfun og fræðslu og umbunar þeim fyrir vel unnin störf.
- Vel starfandi deild leggur áherslu á gott samstarf við aðrar deildir, stofnanir og félagasamtök og tekur virkan þátt í starfsemi landsfélagsins.
- Vel starfandi deild skapar ungu fólki starfsgrundvöll innan félagsins.
- Vel starfandi deild tryggir skjót og vönduð vinnubrögð við neyð innanlands og erlendis.
- Vel starfandi deild vinnur að því að rjúfa einangrun fólks og er málsvari þeirra sem búa við þrengingar og mótlæti hverju sinni.

Verkefnasjóður Rauða krossins á Íslandi

Reglur

1. gr.

Meginhlutverk Verkefnasjóðs er að veita deildum og deildaráðum styrki til að sinna verkefnum sem samræmast gildandi stefnu Rauða krossins.

2. gr.

Tekjur Verkefnasjóðs eru:

- Hlutfall af tekjum af Íslandsspilum samkvæmt ákvörðun aðalfundar.
- Tekjur sem ella hefðu runnið til deildar sbr. 6. mgr. 12. gr. laga félagsins.
- Áætlun framlög til rekstrar sjúkrabíla, hætti félagið rekstri þeirra.

3. gr.

Í stjórn Verkefnasjóðs sitja fimm fulltrúar. Stjórn Rauða krossins skipar fjóra fulltrúa og varamann í stjórn sjóðsins, auk formanns. Framkvæmdastjóri Rauða krossins eða staðgengill hans situr fundi stjórnar Verkefnasjóðs með málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Stjórn Verkefnasjóðs setur sér vinnureglur til að tryggja gegnsæi úthlutana. Þær skulu lagðar fyrir stjórn Rauða krossins Íslands til staðfestingar. Ákvörðun um styrkveitingu úr Verkefnasjóði skal að jafnaði taka einu sinni á ári hverju í september, að fengnum umsóknum frá deildum og deildaráðum. Skulu umsóknir berast til landsskrifstofu Rauða krossins fyrir 20. ágúst á þar til gerðum eyðublöðum. Úthlutun skal miða við áætlaðar tekjur sjóðsins næsta starfsár. Greiðslur samkvæmt ákvörðun sjóðsins skulu greiddar á því starfsári sem úthlutað er fyrir. Frávik frá áætlun sjóðsins leiðréttist við úthlutun á næsta ári. Ef umsóknir í Verkefnasjóð verða með þeim hætti að um tekjuafgang sjóðsins verði að ræða eftir úthlutun í september, gefst deildum tækifæri á að sækja um aftur og skal þá umsóknum skilað til landsskrifstofu fyrir 15. nóvember samkvæmt sömu skilmálum og að ofan

greinir. Ekki er hægt að skuldbinda Verkefnasjóð til lengri tíma en þriggja ára í senn og þarf þá að endurnýja umsókn, sé um langtíma verkefni að ræða.

5. gr.

Við úthlutun skal taka mið af fjárförf verkefnis og fjárhags- og framkvæmda-áætlun umsækjanda. Styrkur úr Verkefnasjóði getur ekki orðið hærri en sem nemur 75% af áætluðum kostnaði deildar við verkefnið.

6. gr.

Stjórn Verkefnasjóðs getur leitað eftir álitni annarra aðila á umsóknum eftir því sem við á. Stjórn Verkefnasjóðs sér jafnframt um eftirfylgni og eftirlit með þeim verkefnum sem hljóta úthlutun úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins getur skipað ráðgjafahóp sjálfboðaliða frá deildum félagsins til þess að fara yfir árangur þeirra verkefna sem úthlutað var til. Deildir og deildaráð skulu fyrir 15. mars skila áfangaskýrslum til landsskrifstofu vegna verkefnis sem úthlutað var til á

nýliðnu ári. Stjórn Verkefnasjóðs getur afturkallað veittan styrk að hluta til eða að öllu leyti ef forsendur úthlutunar breytast verulega.

7. gr.

Skilyrði þess að styrkir séu veittir úr Verkefnasjóði er að deild, sem stendur að umsókn um styrk, hafi haldið aðalfund og skilað Rauða krossinum á Íslandi árituðum ársreikningi og árs-skýrslu fyrir næstliðið rekstrarár.

8. gr.

Niðurstöður stjórnar Verkefnasjóðs skulu lagðar fyrir stjórn Rauða krossins á Íslandi til kynningar og umsagnar áður en deildum er kynnt niðurstaðan. Upplýsingar um úthlutanir úr Verkefnasjóði skulu liggja frammi á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi.

9. gr.

Verði afgangur af fé Verkefnasjóðs skal hann færast til næstu úthlutunar.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 13. gr. laga Rauða krossins á Íslandi, voru samþykktar á fundi stjórnar Rauða krossins 27.06.2014.

11. gr.

Stjórn Rauða krossins á Íslandi skal setja á stofn starfshóp til að endurskoða reglur þessar og skal þeirri endurskoðun lokið fyrir 1. febrúar 2016.

Tekjuskipting

Reglur um skiptingu þess hluta tekna af Íslandsspilum sem fer til deilda, skv. 2. málsg. 12. gr. laga Rauða krossins á Íslandi árin 2015-2016. Samþykktar á aðalfundi Rauða krossins 17. maí 2014.

Grunnframlag – 4%

Þessi mælikvarði byggir á því ákvæði í lögum félagsins að forsenda þess að deild fái hlut í kassatekjum er að hún skili gögnum og fari að lögum og stefnu félagsins. Þessi mælikvarði verður að vera uppfylltur til að úthlutun eftir öðrum mælikvörðum komi til. Grunn-

framlag er óháð stærð deildar og allar deildir fá sem svarar til 4% af 24% sem er hluti deilda í kassatekjum.

Íbúafjöldi á svæði deildar – 20%

Deild fær hlutfall af 20% af hlut deilda í kassatekjum (24%) miðað við hversu stór hluti íbúa landsins býr á starfssvæði hennar.

Verkefnasjóður 13%

Sjá reglur um Verkefnasjóð samkv. 13. gr. í lögum félagsins

Samræmdar reglur um fjáröflun Rauða krossins á Íslandi

Reglur um fjáröflun samþykktar á aðalfundi 2014

Eftirfarandi eru reglur um fjáröflun Rauða krossins og skiptingu söfnunarfjár og styrkja til verkefna innanlands og á alþjóðavettvangi. Reglurnar taka til allra fjáröflunarverkefna Rauða krossins og einstakra deilda hans. Mikilvægt er að frumkvæði að fjáröflun eigi sér stað sem víðast innan félagsins. Rauði krossinn telur mikilvægt að setja reglur um fjáröflun til að varðveita orðspor félagsins og það traust sem almenningur ber til þess.

a. Markmið með reglunum er að

- Hvetja til verulega aukinnar fjáröflunar til stuðnings verkefnum Rauða krossins.
- Samhæfa fjáröflun landsskrifstofu Rauða krossins og deilda hans þannig að velunnarar félagsins hafi góðan skilning á þeim verkefnum sem fjármunir renna til, þeim finnist félagið ganga fram með hóflegum hætti og þeir aðhyllist fyrir vikið farsælt langtímasamstarf við félagið. Einn fulltrúi Rauða krossins sjái um fjáröflun hjá hverjum velunnara á hverjum tíma.

- Tryggja að samræmd umsjón sé með allri fjáröflun undir merkjum Rauða krossins. Hún verður á vegum landsskrifstofu undir daglegri umsjón fjáröflunarfulltrúa Rauða krossins. Hann tryggir að jafnan liggi fyrir skýr mynd um hlutverkaskiptingu, tekjur og kostnað af öllum fjáröflunarverkefnum.
- Grunnþóttinn í þessum reglum er að öll fjáröflun Rauða krossins er tengd þeim verkefnum sem félagið vinnur að. Fjáröflun sem nýtt er til rekstrar- eða stjórnunar-kostnaðar einstakra deilda má ekki vera meiri en sem nemur 10% af kostnaði hvers verkefnis.

b. Meginreglur um fjáröflun

- Fjáröflunarverkefni Rauða krossins eru öll helguð tilteknum verkefnum.
- Sú félagseining sem stendur fyrir fjáröflun fær til ráðstöfunar fyrir afmarkað verkefni þær tekjur sem aflast og ber kostnað af henni. Landssafnanir eru undantekning frá þessari reglu.
- Gefandi, einstaklingur eða fyrirtæki, getur sett skilyrði um til hvaða verkefna eða deildar gjafafé hans er notað. Þau verkefni þurfa að vera í samræmi við markmið og

stefnu Rauða krossins og falla að þeim verkefnum sem félagið sinnir.

- Óaðskiljanlegur hluti af fjáröflun er að þakka velunnurum fyrir framlög og upplýsa þá um árangurinn af fjárstyrk þeirra.

c. Framkvæmd/Fjáröflunardagatal

- Deildir og landsskrifstofa Rauða krossins skulu setja áætlanir sínar um fjáröflunarverkefni í árlega framkvæmdáætlun.
- Landsskrifstofa samræmir þær upplýsingar og setur saman fjáröflunardagatal sem er aðgengilegt á einum stað. Ef útlit er fyrir árekstra á milli fjáröflunarverkefna skulu deildir og landsskrifstofa leysa úr því með hagsmuni félagsins og skjólstæðinga þess að leiðarljósi.
- Fjáröflunarverkefni sem deildir og landsskrifstofa taka þátt í í samstarfi við aðra skulu einnig skráð í fjáröflunardagatalið.
- Ef nauðsyn eða tækifæri skapast fyrir fjáröflun sem ekki er í framkvæmdáætlun en rými er fyrir hana í fjáröflunardagatali skal upplýsa landsskrifstofu um málið með eins góðum fyrirvara og hægt er. Fjáröflunarfulltrúi landsskrifstofu bætir fjáröfluninni í dagatalið.

Kostnaður

- Kostnaður vegna fjáröflunar, svo sem söfnun eða merkjasölu, skal að jafnaði ekki vera hærri en 25% prósent af áætluðum tekjum.
- Kostnaður vegna sölu á varningi (s.s. húsnæðiskostnaður, sölukostnaður og skrifstofukostnaður), skal að jafnaði ekki vera meiri en 50%.
- Ætíð skal leita leiða til að halda kostnaði vegna fjáröflunar í lágmarki, nýta krafta sjálfboðaliða og leita stuðnings fyrirtækja og einstaklinga til að lækka hann.
- Framlag til verkefna vegna fjáröflunar jafngildir heildartekjum að fráðregnum kostnaði. Stjórn Rauða krossins getur ákveðið að víkja frá þessari reglu.

d. Fjáröflunarleiðir

- Reglubundin fjáröflun
- Söfnunarvefsíða, söfnunarreikningur og söfnunarsími Rauða krossins 904 1500 eru opin fyrir framlögum allan ársins hring.
- Söfnun mannvina fer fram í gegnum vefsíðu og með reglubundnum átökum.
- Landsskrifstofa greiðir allan kostnað vegna þessa og auglýsinga ef skyndilega þarf að safna fé t.d. vegna neyðar eða hamfara.

Fatasöfnun

- Verkaskipting: Deildir safna fötum og selja og dreifa til skjólstæðinga innanlands. Landsskrifstofa flytur út til sölu eða dreifingar til skjólstæðinga erlendis. Landsskrifstofa stendur fyrir sérsöfnunum í samráði við deildir og velunnara Rauða krossins. Deildir geta einnig staðið fyrir sérsöfnunum í samráði við landsskrifstofu.
- Ráðstöfun tekna: Hluta af tekjum er ráðstafað til deilda samkvæmt sérstökum reglum sem stjórn setur um fataverkefni Rauða krossins. Árlegt framlag til deilda verður 5 mkr. árin 2014 og 2015. Af því sem eftir stendur skulu: Frá 1. júní 2014 til 1. janúar 2015: 65% fara til Hjálparsjóðs, 25% til Hjálparsímans og 10% til málsvarastarfs. Frá og með 1. janúar 2015: 52% til Hjálparsjóðs, 25% til Hjálparsímans, 13% til Neyðarmiðstöðvar og 10% til málsvarastarfs.

Staðbundnar safnanir

- Deildir (ein deild eða fleiri saman) geta staðið fyrir fjáröflun til áhersluverkefna. Upplýsingar um fjáraflanir skulu skráðar í fjáröflunardagatal. Uppgjör söfnunar er sent til fjáröflunarfulltrúa Rauða krossins.

Styrkir frá einstaklingum

- Deildarstjórn tekur ákvörðun í samráði við framkvæmdastjóra Rauða krossins um hvort þigga beri styrki til verkefna sem ekki eru á verkefnaskrá deildarinnar.
- Styrkir sem einstaklingar vísa til Rauða krossins eða landsskrifstofu fara til verkefna sem tilgreind eru eða ákveðin af stjórn Rauða krossins. Framkvæmdastjóri tekur ákvörðun um hvort þigga beri styrki til verkefna sem ekki eru á verkefnaskrá félagsins.

Styrkir frá fyrirtækjum

- Deildir (ein deild eða fleiri saman) geta sótt um styrki og stuðning við ákveðin verkefni frá fyrirtækjum sem eru staðbundin í þeirra heimabyggð. Landsskrifstofa getur sótt um styrki og stuðning við ákveðin verkefni frá fyrirtækjum sem starfa á landsvísi.
- Í undantekningartilfellum geta deildir sótt um styrki eða selt styrktarlínur til fyrirtækja sem starfa á landsvísi ef þau hafa starfsstöð í heimabyggð deildar. Forsenda þess er að upphæðin sem um sótt er um sé innan þess ramma að ákvörðun verði tekin af starfsfólki viðkomandi starfsstöðvar. Deildir skulu ekki sækja um styrki til slíkra starfsstöðva ef ljóst er að ákvörðun verður

aðeins tekin í höfuðstöðvum viðkomandi fyrirtækis.

Styrkir frá sjóðum og ríkisstofnunum

- Landsskrifstofa aðstoðar deildir og samræmir styrkumsóknir til ýmissa sjóða, ráðuneyta og annarra ríkisstofnana og stéttarféлага sem starfa á landsvísi.

Landssafnanir

- Landsskrifstofa sinnir framkvæmd samkvæmt samþykki stjórnar hverju sinni og greiðir kostnað við söfnunargögn og auglýsingar á landsvísi.
- Deildir og sjálfbodaliðar taka þátt í söfnun þegar það á við og greiða deildir kostnað við auglýsingar í svæðismiðlum sem þær telja nauðsynlegar.

- Söfnunarfé rennur til þess verkefnis sem safnað er fyrir hverju sinni.

e. Uppgjör

- Uppgjör fjáröflunarverkefna fer fram eigi síðar en 30 dögum eftir að verkefni lýkur formlega. Sé um að ræða verkefni sem stendur lengur en einn mánuð skal gera uppgjör mánaðarlega. Uppgjör skal sent til fjáröflunarfulltrúa, sem tekur saman yfirlit mánaðarlega fyrir stjórn félagsins.
- Hluti uppgjör er að gerð er grein fyrir öllum kostnaði, þ.m.t. hlutdeild af fasta-kostnaði einstakra deilda og landsskrifstofu sem gjaldfærður er á verkefnið.
- Gerð er sérstök grein fyrir uppgjöri fjáröflunarverkefna í ársskýrslu Rauða krossins og á aðalfundum félagsins.

Reglur um samstarf deilda og deildaráða

Samkvæmt lögum Rauða krossins (1. málsgr. 19. gr.) geta deildir átt samstarf sín á milli m.a. með því að mynda deildaráð. Deildir og deildaráð geta starfað með stjórn, landsskrifstofu og öðrum aðilum að framkvæmd

stefnu og verkefna Rauða krossins á starfssvæðum þeirra (2. málsgr. 19. gr.). Í sveitarfélögum þar sem tvær eða fleiri deildir starfa skulu þær starfa saman í deildaráði (3. málsgr. 19. gr.) en þær geta boðið deildum sem starfa í

öðrum sveitarfélögum að taka þátt í deildaráðinu. Deildirnar geta fært starfsemi sína að hluta eða að fullu til deildaráðsins og er starfsemi þess fjármögnuð með framlögum frá viðkomandi deildum. Stjórn Rauða krossins setti á fundi sínum 8. september 2012 eftirfarandi reglur í samræmi við lög félagsins (4. málsg. 19. gr.).

a. Hlutverk deildaráðs

- Deildaráð er formlegur samráðs- og samstarfsvettvangur tveggja eða fleiri deilda. Hlutaðeigandi deildir geta falið deildaráði framkvæmd verkefna. Deildaráð getur verið samráðsvettvangur deilda án þess að tiltekin verkefni tilheyri undir það.

b. Skipan deildaráðs

- Hver deild sem aðild á að deildarráði tilnefni einn aðalfulltrúa í ráðið og einn varafulltrúa. Aðalfulltrúi deildar í deildaráði skal vera deildarstjórnarmaður.

c. Verkefni og fjármál deildaráðs

- Deildaráð getur ekki tekið sér fyrir hendur verkefni án samþykkis deilda né skuldbundið þær fjárhagslega eða á annan hátt.
- Deildaráð hefur ekki sjálfstæðan fjárhag.

Framlög til verkefna ráðsins koma frá deildunum sem á bak við ráðið standa. Deildaráð getur ekki skuldbundið deildir fjárhagslega án samþykkis þeirra. Hafi deildir falið deildaráði framkvæmd verkefna gerir ráðið fjárhags- og framkvæmda-áætlun fyrir viðfangsefni sín og sendir deildum hana til staðfestingar. Að jafnaði skal þeirri reglu fylgt að ein þeirra deilda sem aðild á að deildarráðinu annist fjármálaumsýslu varðandi hvert verkefni þess.

d. Formaður deildaráðs

- Deildaráð kys sér formann og varaformann til eins árs í senn. Sama deild getur ekki farið með formennsku lengur en tvö ár í röð. Varaformaður er staðgengill formanns.
- Formaður deildaráðs boðar til fundar í ráðinu, stýrir fundi og ber ábyrgð á því að fundargerð sé rituð og birt.
- Formaður deildaráðs er í forsvari fyrir Rauða krossinn gagnvart sameiginlegu sveitarfélagi deilda í deildaráðinu þar sem það á við.
- Deildaráð getur, með samþykki allra deilda sem aðild eiga að því, ráðið starfsmenn til að framkvæma verkefni ráðsins og

er formaður deildaráðs þá yfirmaður viðkomandi.

e. Fundir deildaráðs

- Deildaráð setur sér reglur um tíðni funda. Boðað skal til funda deildaráðs í bréfi, með rafrænum hætti eða á annan sambærilegan hátt með minnst fimm daga fyrirvara. Rita skal fundargerð á hverjum fundi deildaráðs. Hún skal samþykkt í lok fundar og birt á sjálfboðavef félagsins. Ákvarðanir á fundum deildaráðs teljast aðeins gildar séu þær teknar af meirihluta fulltrúa í ráðinu. Deildaráð getur heimilað starfsmönnum Rauða krossins og fulltrúa Ungmennaráðs Rauða krossins að sitja fundi deildaráðs

með málfrelsi og tillögurétt.

f. Nánari reglur um störf deildaráðs

- Deildaráð getur sett sér nánari reglur um starfsemi sína en þær sem að ofan greinir. Þær reglur skulu vera staðfestar af deildastjórnnum sem eiga aðild að ráðinu.

g. Samstarf deilda um verkefni utan deildaráðs

- Deildir geta sameinast um afmörkuð verkefni án þess að það sé á vettvangi deildaráðs. Deildir gera þá með sér skriflegan samning um samstarfsverkefni og stjórnunarfyrrirkomulag þess.

Merking og notkun fatnaðar

Merkið á fatnaði

Reglur Alþjóða Rauða kross hreyfingarinnar um notkun merkisins á fatnaði eru tiltölulega skýrar. Í 16. grein reglna sem samþykktar voru á Alþjóðaráðstefnu Rauða krossins og Rauða hálfmánans árið 1965 segir:

- Félagar og starfsmenn landsfélagsins mega nota merkið á fatnaði þegar þeir eru við skyldustörf, og þá venjulega smátt í sniðum.
- Utan skyldustarfa mega félagar einungis hafa á sér mjög smátt merki, til dæmis sem nælu eða pinna.
- Merkinu skal fylgja nafn landsfélagsins, nema í undantekningartilfellum.

- Með þessari grein fylgja þær útskýringar að varðandi fyrstu málsgreinina þá megi merkið vera stórt, einkum ef ætlunin er að auðvelt sé að aðgreina hjálparliða landsfélagsins.

Skyldustörf

- Til að ekki fari á milli mála í hvaða tilvikum félagar geta borið boli, flíspeysur, úlpur og annan fatnað merktan Rauða krossi Íslands skal taka fram að óhætt er að túlka hugtakið „skyldustörf“ fremur rúmt, þannig að það nái yfir öll – eða að minnsta kosti langflest – þau tilvik sem félagar mæta eða koma saman í nafni eða erinda-gjörðum Rauða krossins. Þar með eru taldir fundir, æfingar og námskeið.

- Mikilvægt er að hver og einn félagi geri sér grein fyrir því að það að ganga um í fatnaði merktum Rauða krossi Íslands leggur honum ákveðnar skyldur á herðar, og einkum þá að hegða sér þannig að félaginu sé sómi af.

Peysan

- Athugið að rauði liturinn í peysunni getur upplitað merkið; notið fínþvott við 30 gráður og ekkert mýkingarefni!
- Þeir sem vilja fá aukin not af peysunni geta látið spretta upp merkinu á ermi og brjósti og útbúið með frönskum rennulás. Þá getur fólk einfaldlega tekið merkið af peysunni þegar það er ekki á vegum Rauða krossins.

Reglur um heiti og merki Rauða krossins

- a. Heiti félagsins er Rauði krossinn á Íslandi. Félagar, sjálfbodaðliðar og starfsmenn félagsins eru hvattir til þess að tala um „Rauða krossinn“ í daglegu máli, án þess að tilgreina sérstaklega hvaða einingu um er að ræða, nema það skipti sérstaklega máli.
- b. Ef mikilvægt er að tilgreina hvaða einingar um er að ræða (til dæmis ef um samstarf tveggja eða fleiri deilda er að ræða) eru starfsmenn og sjálfbodaðliðar hvattir til að tala um Rauða krossinn á viðkomandi stað (t.d. Rauði krossinn í Reykjavík eða Rauði krossinn

í Vestmannaeyjum) fremur en að nota formleg deildanöfn.

- c. Heiti félagsins verður áfram hið sama á erlendum tungumálum. Á ensku heitir félagið Icelandic Red Cross, á frönsku Croix-Rouge islandaise og á dönsku Islands Røde Kors.
- d. Skammstöfun á nafni félagsins á nú alls ekki við og verður ekki notuð í skrifum á vegum Rauða krossins.
- e. Í merki landsfélagsins sem notað er á Íslandi skal nota heitið „Rauði krossinn.“
- f. Áfram verða notuð þrenns konar merki, aðalmerki, fánamerki og hringmerki.
- g. Aðalmerkið er jafnarma rauður kross og út frá hægri armi krossins er skrifað „Rauði krossinn“. Stafirnir eru jafnháir arminum líkt og nú er.
- h. Fánamerkið er jafnarma rauður kross og undir krossinn er skrifað „Rauði krossinn“. Heitið er jafnlangt hinum láréttu örmum líkt og nú er, en þar sem heitið er styttra eru stafirnir ívið stærri.

- i. Hringmerkið er rauður kross en utan um hann eru tveir hringir, líkt og nú er, og á milli þeirra stendur, að ofan, „Rauði krossinn“ og að neðan „Íslandi“
- j. Fánamerkið skal notað í auknum mæli á fatnaði og við aðrar merkingar í því skyni að auka sýnileika merkisins.
- k. Merki deilda skulu vera eins og merki landsfélagsins en með eftirfarandi breytingum:
 - Aðalmerki verður þannig að nafn svæðisins er skrifað í þágufalli undir heiti félagsins með svipaðri hönnun og nú er notuð. Þannig verður merki Ísafjarðardeildar þannig: „Rauði krossinn“ – og undir er skrifað „Ísafirði“.
 - Fánamerkið lýtur sömu lögmálum, þannig að undir merkið er skrifað „Rauði krossinn“, og undir þeirri áletrun er skrifað „Ísafirði“.
 - Hringmerkið er þannig að að ofanverðu er skrifað „Rauði krossinn“ og að neðan er skrifað „Ísafirði“.

Samþykkt á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi 19. maí 2012.

Tryggingar sjálfboðaliða

Við undirritun sjálfboðaliðasamnings tekur gildi trygging. Hún gildir þegar sjálfboðaliði er að störfum og til og frá þeim stað sem sjálfboðaliðastarfið á sér stað en ekki þegar ekki er verið að sinna verkefnum. Eingöngu er um slysatryggingu að ræða, ekki veikindatryggingu. Hún tryggir dánar- og örorkubætur samkvæmt

þeim fjárhæðum sem sjást í skilmálum. Athugið að í skilmálunum er takmörkun á bótafjárhæð vegna aldurs. Tryggingin nær ekki yfir kostnað vegna endurhæfingar og þess háttar. Tryggt er samkvæmt kjarasamningi VR. Sjálfboðaliðar eru hvattir til að kynna sér skilmála tryggingarinnar.



Hluti af alheimshreyfingu

Rauða krossins og **Rauða hálmánans**

Icelandic Red Cross / Cruz Roja Islandesa / Croix-Rouge Islandaise

Efstaleiti 9 / IS-103 Reykjavík / Iceland